



|  |   |  |
|--|---|--|
| Barn / Börn undir 18 ára aldri sem beiðnin varðar:   |   |  |
| Nafn barns:  | Kennitala   |  |
| Forsjá barnsins er: <input type="checkbox"/> hjá móður <input type="checkbox"/> hjá föður <input type="checkbox"/> sameiginleg | Barnið býr hjá: <input type="checkbox"/> móður <input type="checkbox"/> föður | Lögheimili er hjá: <input type="checkbox"/> móður <input type="checkbox"/> föður |
| Nafn barns:  | Kennitala   |  |
| Forsjá barnsins er: <input type="checkbox"/> hjá móður <input type="checkbox"/> hjá föður <input type="checkbox"/> sameiginleg | Barnið býr hjá: <input type="checkbox"/> móður <input type="checkbox"/> föður | Lögheimili er hjá: <input type="checkbox"/> móður <input type="checkbox"/> föður |

|                               |            |       |
|-------------------------------|------------|-------|
| Upplýsingar um móður:         |            |       |
| Fullt nafn samkvæmt Þjóðskrá: | Kennitala: |       |
| Lögheimili (gata/bær):        | Netfang:   |       |
| Staður:                       | Póstnúmer: | Sími: |

|                               |            |       |
|-------------------------------|------------|-------|
| Upplýsingar um föður:         |            |       |
| Fullt nafn samkvæmt Þjóðskrá: | Kennitala: |       |
| Lögheimili (gata/bær):        | Netfang:   |       |
| Staður:                       | Póstnúmer: | Sími: |

|  |  |  |
|--|--|--|
| Fylgiskjöl með beiðninni:  |  |  |
| Ef áður hefur verið ákveðið meðlag með barninu/börnunum, þarf afrit þess skjals að fylgja með – eitthvað af þessu:<br><input type="checkbox"/> Skilnaðarleyfi <input type="checkbox"/> Staðfestur samningur um meðlag <input type="checkbox"/> Úrskurður um meðlag <input type="checkbox"/> Dómur/dómssátt um meðlag |  |  |
| Ef ekki hefur áður verið ákveðið meðlag þarf að fylgja með:<br><input type="checkbox"/> Forsjárvottorð barns / barna útgefið af Þjóðskrá Íslands, Borgartúni 24, Reykjavík. Hægt að panta það rafrænt á vef Þjóðskrár, <a href="http://www.skra.is">www.skra.is</a>  |  |  |

|   |
|---|
| Krafa um meðlag:  |
| Ég undirrituð / undirritaður fer fram á að ákveðið verði með úrskurði sýslumanns að föður/móður barnsins/barnanna verði gert að greiða mér einfalt meðlag með barninu/með hverju barni frá og með _____ til 18 ára aldurs barns.<br><i>dagsetning</i> |

|  |
|--|
| Ef krafa um meðlag er gerð <i>eftur í tímann</i> óskast það rökstutt sérstaklega hér að neðan: |
|  |
|  |
|  |

|  |                                      |
|--|--------------------------------------|
| Ég undirrituð / undirritaður lýsi því yfir að ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt minni bestu vitund. |                                      |
| Staður og dagsetning:  | Undirskrift þess sem krefst meðlags: |
|  |                                      |



Sýslumaður getur úrskurðað foreldri sem ekki uppfyllir framfærsluskyldu sína gagnvart barni til að greiða meðlag með því. Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að sýslumaður úrskurði sér meðlagsgreiðslur með barninu úr hendi foreldris. Áskilið er að sá sem gerir kröfu um meðlag hafi forsjá barnsins eða að barnið búi hjá viðkomandi samkvæmt löglegri skipan.

Hægt er að fara fram á það við sýslumann að meðlagsgreiðslur verði hærrí en einfalt meðlag og einnig er hægt að fara fram á að úrskurður eða samningur um meðlag umfram einfalt meðlag verði breytt til lækkunar. Sérstök eyðublöð eru notuð við að gera slíkar kröfur.

Ef krafan felur í sér að *fyrri meðlagsákvörðun* verði breytt *aftur í tímann* er bent á að samkvæmt barnalögum þurfa alveg sérstakar ástæður að vera fyrir hendi til að orðið verði við slíkri kröfu.

Ef krafan er um *fyrstu meðlagsákvörðun* vegna barnsins / barnanna, er bent á að slíkar kröfur verða almennt ekki viðurkenndar lengra aftur í tímann en *eitt ár* frá því að krafa var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess.

Úrskurður sýslumanns um meðlagsskyldu foreldris lýtur að fjárhæð meðlagsins og einnig frá hvaða tíma meðlagsgreiðslur hefjast og hvenær þeim lýkur. Upphæð meðlags getur ekki orðið lægri á mánuði en sem nemur einföldu meðlagi. Upphæð einfalds meðlags á hverjum tíma má sjá á vefnum [www.medlag.is](http://www.medlag.is). Framfærsluskyldu lýkur við 18 ára aldur barns og er óheimilt að ákveða meðlag í samningi eða úrskurði til skemmri tíma. Þó er heimilt, hafi foreldrar gert með sér tímabundinn samning um forsjá, að ákvarða meðlagsgreiðslur til jafnlangs tíma og forsjásamningurinn stendur.

Meðferð meðlagsmálsins felst í því að kynna gagnaðila kröfuna, gefa viðkomandi kost á að tjá sig og leggja fram gögn í málinu. Eftir atvikum fær málshefjandi þess kost að tjá sig um málflytning gagnaðilans. Þegar málið er nægilega upplýst kveður sýslumaður upp rökstuddan úrskurð í málinu. Úrskurð sýslumanns er hægt að kæra til innanríkisráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.

Foreldri getur leitað til Tryggingastofnunar ríkisins eftir greiðslum samkvæmt staðfestum samningi um meðlag eða úrskurði sýslumanns um meðlag, innan marka almannatryggingalaga. Sjá vef Tryggingastofnunar, [www.tr.is](http://www.tr.is).

Meðlagsgreiðslur samkvæmt staðfestum samningi eða úrskurði sýslumanns, dómi eða dómssátt, eru kræfar með fjárnámi.

Hafi verið sett fram krafa um meðlag hjá sýslumanni og útlit er fyrir að meðferð málsins dragist á langinn þar sem foreldrið sem krafa beinist gegn er búsett erlendis eða sérstökum örðugleikum bundið að ná til þess, getur sýslumaður ákveðið að Tryggingastofnun skuli greiða meðlag með barninu til bráðabirgða, meðan mál er til meðferðar.

Ákvæði um framfærslu barna og málsmeðferð er að finna í [barnalögum](#) og í [greinargerð með barnalögum](#) er einnig að finna nánari umfjöllun um efnið. Einnig vísað á vef sýslumannsins í Reykjavík og sameiginlegan vef sýslumanna þar sem eru eyðublöð og frekari upplýsingar.

Sameiginlegur vefur sýslumanna: [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Sýslumaðurinn í Reykjavík: [www.syslumadur.is](http://www.syslumadur.is)

Barnalög nr. 76/2003: <http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/2003076.html>